

þá þar að Kristján Sigtryggsson kaupm. og skipaði mætta burtu, en hann fór þó eigi strax, en elti Kristján, er hann snéri inn í íbúð sína eldhúsdýramegin og læsti eftir sér. Meðan kærður var að reyna að komast inn eldhúsmegin að íbúð Kristjáns Sigtryggssonar, þar þar að Einar Einarsson og fylgdist kærður með honum inn Strandgötu og heim til sín í Brennu. Síðan voru tveir menn yfir mætta á heimili hans samkvæmt beiðni konu kærða, langa hrið, að því er þeir hafa borið, þar sem hann hafi verið svo ölvaður. Kærður hefir samkvæmt framansögðu orðið brotlegur við 16. gr. áfengislaga nr. 64 frá 19. maí 1930.

Kærður hefir áður sætt 1000 kr. sekt og 5 daga einföldu fangelsi fyrir óleyfilega bruggun, samkv. hæstaréttardómi 2. dez. 1929.

Refsing sú, er kærður hefir unnið til samkvæmt 36. gr. fyrrnefndra áfengislaga, þykir hæfilega ákveðin 80 kr. sekt í rikissjóð, er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað átta daga einföldu fangelsi.

Ennfremur greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 11. marz 1932.

Nr. 116/1931. Réttvísinn og valdstjórnin

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Sigurjóni Kristjánssyni

(Theódór B. Líndal).

Þjófnaðarítrekun, áfengislagabrot.

Dómur aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 29. sept. 1931: Ákærður, Sigurjón Kristjánsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði, fyrir þjófnað í annað sinn, en fyrir ólöglega bruggun og sölu áfengis sæti hann 10 daga einföldu fangelsi, og greiði innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa kr. 500,00 í sekt, en ella afplánist

sektin, að undangengnu árangurslausu fjárnámi, með einföldu fangelsi í 31 dag. Ákærður greiði og allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað.

Áhöld þau, er notuð hafa verið við áfengisbruggunina, eru upptæk gerð og eyðileggist.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem segir í hinum áfrýjaða aukaréttardómi, sem skotið hefir verið til hæstaréttar af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu, hefir ákærði gerzt sekur um þjófnað framinn í annað sinn. Afbrot þetta heyrir undir 8. gr. laga nr. 51, 7. maí 1928 og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 90 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Í annan stað er það sannað, að ákærði hefir eins og segir í dóminum, gerzt sekur um tilbúning og sölu áfengs drykkjar, og heyrir brot þetta undir 6. gr., sbr. 30. gr. og 11. gr., sbr. 32. gr. laga nr. 64, 19. maí 1930. Ákveðst refsingin fyrir það 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 800 kr. sekt í rikissjóð, er afplánast með 40 daga einföldu fangelsi, fáist hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákvæðum dómsins um upptöku áhalda þeirra, sem notuð hafa verið við áfengisgerðina, og um málskostnað skal óraskað.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Sigurjón Kristjánsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 110 daga og

greiði 800 kr. sekt í rikissjóð, er afplánist með 40 daga einföldu fangelsi, fáist sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákvæðum aukaréttardómsins um upptöku áhalda, sem notuð hafa verið við áfengisgerðina, og um málskostnað skal óraskað.

Svo greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Theódors B. Líndal, 60 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með eigin játningu ákærða, þurraþúðarmanns Sigurjóns Kristjánssonar, til heimilis á Klapparstíg nr. 1 í Keflavík í Gullbringusýslu, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, og sem með dómi aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu, uppkveðnum 22. marz 1924, hefir verið dæmdur í 8 mánaða betrunarhúsvinnu fyrir innbrotsþjófnað, og öðrum upplýsingum í málinu, er það nægilega sannað, að hann að morgni dags, 16. júnímánaðar þ. á., hafi farið að heiman með bifreið áleiðis til Reykjavíkur óölvaður, en haft með sér 3 flöskur af áfengi, af honum sjálfum brugguðu heima fyrir í Keflavík, sem hann drakk nokkuð af á leiðinni til Hafnarfjarðar, hvar hann hitti á bifreiðarstöðinni þar 2 unga menn, sem hann bauð að bragða á áfengi þessu, og hafði um orð, að hann myndi geta selt 1 eða 2 flöskur af áfengi þessu, sem þeir þegar brögðuðu á, og urðu svo menn þessir samferða honum til Reykjavíkur í almenningsbifreið og neyttu þá enn meira af áfenginu, sem kærður hafði meðferðis, svo þeir urðu þegar allmikið ölvaðir. Þegar á bifreiðarstöðina í Reykjavík kom, fékk ákærður bifreiðina sér leigða um bæinn og til Hafnar-

fjarðar, og fóru þeir allir þrír upp í hana þar aftur, sem að ráði ákærða flutti þá vestur á Bræðraborgarstig, hvar ákærður fór út úr bifreiðinni og hvarf hinum um stundarsakir, og hélt bifreiðin svo áfram til Hafnarfjarðar með ákærða og þessa féлага hans, sem báðir voru þá mjög ölv-aðir orðnir, og sofnaði annar þeirra á leiðinni, en þá féll peningaveski úr vasa hans, sem hinn félaginn stakk á sig í því skyni að geyma það, en er til Hafnarfjarðar kom var maður þessi borinn inn á heimili hans, og hafði þá peningaveskið, sem í voru 250.00 kr. í bankaseðlum, dottið í sætið þar í bifreiðinni, en menn þeir, er fluttu hinn ölv-aða mann inn til sín, veittu því eftirtekt, að ákærður þá tók veskið úr bifreiðarsætinu og stakk því á sig í því að þeir fluttu manninn frá bifreiðinni, en síðar neitaði hann að svo hefði verið, og kvaðst eigi neitt vita um það, hvað af veskinu hefði orðið, en fyrir rétti daginn eftir, kvað hann svo hafa verið, og að hann hefði kastað veskinu fram í fjöru hér í bænum, en hirt innihald þess, eða fyrrgreindar 250.00 kr., sem hann kvaðst hafa falið undir steinum í hrauni vestan til í bænum, hvar hann eftir allmikla leit fann peninga þessa, og afhenti þá lögregluþjóni, sem var með í leitinni, og voru þeir síðan afhentir eigand-anum, sem ekki gerir neinar kröfur til skaðabóta fyrir peningaveskið, sem ekki hefir fundist og nokkra smápeninga, sem í því áttu að vera. Erindi mætta vestur á Bræðraborg-arstig segir hann að verið hafi það, að ná þar í 4 fl. af heimabrugguðu áfengi, er hann frá því deginum áður hafði þar geymdar undir kassa á víðavangi á milli húsa, og á leiðinni til Hafnarfjarðar samdist svo um á milli ákærða og annars félagans, að hann keypti af honum 4 fl. fyrir alls 32 krónur, og er maður þessi, eins og fyrr segir, var fluttur úr bifreiðinni inn á heimili hans hér, þar ákærður sjálfur flöskur þessar inn þangað, en borgun fékk hann eigi, og er það upplýst, að flöskum þessum með innihaldi hafi verið kastað út í hraun þar í nánd við húsið, og þær brotnað þar, með því að álitid var, að í þeim væri það-meðal eða þessháttar, af lyktinni að dæma.

Við húsrannsókn, er fram fór á heimili ákærða, fundust bruggunaráhöld og áfengisger, og virðist nægilega upplýst vera, að hann sjálfur hafi bruggað allt það áfengi, er fyrr greinir, og jafnframt hefir hann jatað, að hann í marzmán-

uði síðastliðnum hafi byrjað á bruggun áfengis, og bruggað alls ca. 100 þriggja pela flöskur af áfengi úr ca. 400 litrum af ólögðum gervökva, sem hann hafi drukkið sjálfur og selt öðrum.

Kveðst ákærður umræddan dag, 16. júní þ. á., hafa verið með fullu ráði, þar til hann sofnaði út í hrauni, eftir að hafa falið þar umrædda peninga, en kveðst þó hafa framið þjófnaðinn ölvaður, og í bruggun áfengis kveðst hann hafa ráðizt vegna yfirvofandi fátækraflutnings ásamt konu og börnum.

Þjófnaðarafbrot ákærða, er fyrr greinir, heyrir undir 232. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, og þykir hegning sú, er hann fyrir það hefir til unnið, eftir atvikum öllum, hæfileg vera fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði.

Fyrir áfengisbruggunina ber að dæma ákærðan, samkv. VI. kafla áfengislaganna, nr. 64, 19. maí 1930, eða eftir 6. gr. laganna, sbr. 30. gr. sömu laga, í einfalt fangelsi í 10 daga og í 500 kr. sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en ella ber að afplána sektina, að undangengnu árangurslausu fjárnámi, með einföldu fangelsi í 31 dag.

Ákærður greiði og allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað. Áhöld þau, er notuð hafa verið við áfengisbruggunina eða tilbúning fyrrumgetins áfengis, ber að gera upp-tæk, og eyðileggist.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hafi verið lög-mætur og enginn ónauðsynlegur dráttur á því.
